

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 131/1012
komudagur 8.3.2005

7. mars 2005
Tilvísun: 2005020049

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál, stjórnir.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 16. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál, stjórnir. Var frumvarp þetta einnig flutt á 130. löggjafarþingi og stafa þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar á frumvarpinu, af athugasemdum sem fram komu í umsögnum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins, dags. 11. júní 2004, um frumvarpið er það var flutt á 130. löggjafarþingi kom fram að tekið væri undir það sjónarmið sem fram kom í greinargerð frumvarpsins að umrædd ákvæði laga nr. 129/1997 séu skoðuð m.t.t. þess hvort þörf væri á að setja strangari skilyrði um stjórnir og stjórnarmenn lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið taldi þó einstakar greinar frumvarpsins ganga lengra en sambærileg ákvæði um stjórnir og stjórnarmenn annarra fjármálafyrirtækja og gerði athugasemdir þess efnis. Með nýju frumvarpi hefur að hluta til verið tekið tillit til þeirra athugasemda.

Með hliðsjón af framangreindu skal eftirfarandi getið:

- Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er enn kveðið á um skilyrði sem ekki eiga sér hliðstæðu í lögum nr. 161/2002. Eru umrædd skilyrði um setu í stjórn því strangari en þau skilyrði er almennt gilda um stjórnir fjármálafyrirtækja.
- Í 5. gr. frumvarpsins hefur verið bætt við ákvæði um að Fjármálaeftirlit (ætti að vera Fjármálaeftirlitið) skuli veita leiðbeiningar um upplýsingaskyldu stjórna skv. II. kafla stjórnsýslulaga. Í greinargerðinni er svo kveðið á um að slíkar leiðbeiningar gætu m.a. falist í útgáfu eyðublaða. Fjármálaeftirlitið tekur undir meginefni greinarinnar um slíka upplýsingaskyldu stjórna en leggur áherslu á að Fjármálaeftirlitinu verði í sjálfsvald sett með hvaða hætti slíkri leiðbeiningarskyldu verði gætt, þó ávallt í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki frekari athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rut Gunnarsdóttir